

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi:

Urriðaholtsstræti 6-12, óveruleg breyting á deiliskipulagi 1. áfanga Viðskiptastrætis–Urriðaholts.

Breytingin felur í sér breytingu á lóðamörkum milli lóða Urriðaholtsstrætis 6-8 og 10-12. Lóð Urriðaholtsstrætis 6-8 minnkar um 68 m² en lóð Urriðaholtsstrætis 10-12 stækkar um 68 m². Baklóð Urriðaholtsstrætis 6-8 stækkar og rampi sem áður var á lóðamörkum með kvöð um sameiginlega aðkomu er nú eingöngu á lóð Urriðaholtsstrætis 6-8. Kvöð um sameiginlega aðkomu fellur niður. Lóð Urriðaholtsstrætis 10-12 stækkar nær Urriðaholtsstræti. Byggingarheimildir og fjöldi bílastæða á lóðum er óbreyttur.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 28. mars 2019.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 29. mars 2019